

42. Stjórnarfundur Fenúr.

2. maí 2002.

Mætt; Gunnar Bragason, Ragna Halldórsdóttir, Elías Ólafsson, Cornelis Art Myles og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Staður; Sorpa, Gufunesi.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta stjórnarfundar (fyrir aðalfund) samþykkt.

2. Skipan stjórnar næsta starfstímabil.

Gunnar Bragason formaður, Ragna Halldórsdóttir gjaldkeri, Guðmundur Tryggvi Ólafsson ritari, Elías Ólafsson meðstjórnandi og Björn Halldórsson meðstjórnandi.

3. Upplýsingar á heimasíðu FENÚR.

Gyða S. Björnsdóttir gerði grein fyrir heimasíðu Fenúr, og hvaða atriðum þar þarf að uppfæra eða breyta. Ragna og Gyða munu vinna tillögur að úrbótum.

4. Aðalfundur og ráðstefna, umræður.

Milli 50 og 60 manns mættu á aðalfund og ráðstefnu sem Fenúr hélt í Hafnarfirði 19. apríl síðastliðin. Ekki hefur annað en almenn ánægja komið fram með hvorutveggja. Fenúr þakkar Gámaþjónustunni og Furu góðar móttökur og Furu sérstaklega fyrir góðar veitingar.

5. Aðkoma starfsmanns að starfi FENÚR.

Samkomulag Hvr og Fenúr þarfnast nánari athugunar áður en samningur verður undirritaður. Cornelis kynnti landsáætlun.

6. Vinna í starfshópum og verkefni framundan.

Hópstjórum falið að funda með Cornelis og taka meðal annars fyrir landsáætlun, hópastarf og undirbúning fyrir haustfund.

7. Aðalfundur ISWA.

Gunnar fer á aðalfund ISWA í Tyrklandi í júlí n.k.

8. Stenúr nefndin, lög um umbúðarúrgang, staða mála.

Vinnunefndin er komin fram með drög að gjaldskrá fyrir samsettan úrgang, dekk og bíla.

9. Önnur mál.

Í tölvupósti frá Birni Halldórssyni kemur fram að kostnaður við LCA verkefnið sé komin fram yfir áætlun og Fenúr styrki verkefnið ekki frekar.

Næsti fundur ákveðinn í lok maí.

Fundi slitið kl 15:55